

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 14.000.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Vátryggingafélagið h/f og Baldur Garðarsson, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan stefnanda, Jóhanni Karlssyni, kr. 84.000.00 með 7% ársvöxtum frá 13. júlí 1962 til greiðsludags og kr. 14.000.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. marz 1966.

Nr. 34/1966. **Jón Ísfeld Guðmundsson**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sigurður Ólason hrl.).

Dómsmenn:

hæstaréttardómarnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Kaup ríkisstarfsmanns í orlofi og veikindaforföllum.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem fengið hefur áfrýjunarleyfi samkvæmt 16. gr. laga nr. 57/1962, dags. 7. október 1965, og áfrýjunarleyfi samkvæmt 4. mgr. 20. gr. sömu laga, dags. 9. marz 1966, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. marz 1966. Gerir áfrýjandi þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 2.201.10 ásamt 8% ársvöxtum frá 12. nóvember 1964 til 1. janúar 1965, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 8% ársvöxtum frá þeim degi

til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

I.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal tvö vottorð þeirra Gunnars Sigurðssonar, flugvallarstjóra á Reykjavíkurflugvelli, og Guðmundar Guðmundssonar, slökkviliðsstjóra þar, dags. 10. marz 1966, og er meginmál þeirra svohljóðandi:

„Það vottast hérmeð, að Jón Ísfeld Guðmundsson réðst til slökkviliðsstarfa á Reykjavíkurflugvelli í maímánuði 1946 og hefur gegnt því starfi síðan.

Vinnufyrirkomulag er og hefur verið reglubundnar vinnuvökur, sem að sjálfsögðu bera upp á helga sem rúmhelga daga.“

„Til viðbótar vottorði, gefnu í dag, varðandi Jón Ísfeld Guðmundsson, varðstjóra í slökkviliðinu á Reykjavíkurflugvelli, skal það upplýst, að hann var ráðinn til vaktavinnu. Vaktirnar eru fjórskiptar hjá slökkviliðinu, þannig að tvær vaktir taka sólarhringinn að sér með tólf tíma vöktum, tvær næturvaktir í röð og tvær dagvaktir. Tveggja sólarhringa frí er á milli nætur- og dagvakta.

Jón Ísfeld Guðmundsson skilar tveimur dagvöktum og tveimur næturvöktum á 8 dögum. Hann skilar því 48 klst. á 8 dögum eða 6 klst. á dag í 7 daga, það er 42 klst. Þessar 2 klst., sem á vantar 44 klst. vinnuviku, er Jón látinn vinna annan hvern morguninn, sem hann kemur af næturvakt. Vinnuvika Jóns er 44 klst.

Vinnuvikurnar eru reglubundnar og vaktaskrá er samin fram í tímann, dálítið misjafnlega langt, allt frá einum mánuði og upp í þrjá til fjóra mánuði.

Vaktaálagið er reiknað út mánaðarlega eftir á. Er það greitt viðkomandi mánaðarlega.“

Enn fremur hefur verið lagt fyrir dóminn skipunarbréf áfrýjanda til varðstjórastarfa í slökkviliði flugmálastjórnn-

arinnar á Reykjavíkurlugvelli frá 1. október 1962 að telja, útgefið af ráðherra 8. s. m.

Þá hefur fræðsluskrifstofa Reykjavíkurborgar vottað hinn 10. júní 1965, að venja hafi verið, að kennarar fái „greidd stundakennslulaun í stuttum veikindaforföllum.“

Loks er fram komin greinargerð lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 10. marz 1966, þar sem því er lýst, að borgar-lögreglumenn og ríkislögreglumenn, sem starfa undir stjórn hans, fái „greitt vaktaálag sem hér segir:

1. Á vaktir, sem eru staðnar á tímabilinu frá kl. 17 til kl. 08 alla virka daga, nema laugardaga, en þá byrjar álags-tíminn kl. 13. Auk þess er greitt vaktaálag fyrir allar vaktir, sem staðnar eru á sunnudögum og öðrum lög-skipuðum helgidögum.
2. Greitt er enn fremur vaktaálag þeim lögreglumönnum, sem eru fjarverandi vegna slysa, sem þeir hafa orðið fyrir í starfinu, eða veikinda, sem greinilega eiga rætur sínar að rekja til lögreglustarfsins. Hins vegar fá lög-reglumenn ekki greitt vaktaálag fyrir aðra veikinda-daga, sumarleyfi eða aðra frídaga.“

Í bréfi fjármálaráðuneytisins til samgöngumálaráðuneytisins 16. október 1962 segir svo:

„Hér með er ráðuneytinu tjáð, að fyrst um sinn, unz ann-að verður ákveðið, eiga þeir, er starfa á vinnuvökum og fá greitt 33% næturvinnuálag, að fá greitt næturvinnu-álagið í orlofi og veikindaforföllum. Tekur þetta til orlofs fyrir yfirstandandi ár og veikindaforfalla frá 1. okt. s.l. að telja.“

Fram að greindum tímamörkum kveður stefndi starfs-mönnum í orlofi og veikindaforföllum hafa verið greidd laun samkvæmt launalögum án álags vegna vökuvinnu, er því var að skipta, en skipan sú, er í bréfi fjármálaráðu-neytisins greinir, hafi haldizt, þar til eftir að ákvæði Kjara-dóms frá 3. júlí 1963 tóku gildi. Og í bréfi samgöngumála-ráðuneytisins til flugmálastjóra 28. apríl 1964 segir, að

vaktaálag beri „ekki að greiða í orlofi eða veikindaforföllum, svo sem gert var fyrir gildistöku téðs Kjaradóms.“

Í máli þessu er um það deilt, hvort greiða beri áfrýjanda vökuvinnuálag á laun í orlofi hans og veikindaforföllum. Framkvæmd stjórnvalda, sem lýst var, getur ekki haft áhrif á úrslit máls þessa, sem hljóta að ráðast af skýringu laga-reglna um kjaraatriði þau, sem um er að tefla.

II.

Krafa áfrýjanda er sundurliðuð þannig:

1. Vangoldið 33% vökuálag á kaup fyrir tíma-bilið 1. júní til 20. júní 1964, er áfrýjandi var í orlofi, „103 klst. á 19.14 pr. klst.“ .. kr. 1.971.42
2. Vangoldið 33% vökuálag á kaup einn dag, 25. júní 1964, er áfrýjandi var óvinnufær vegna veikinda, „12 klst. á 19.14 pr. klst.“ — 229.68

Kr. 2.201.10

Um 1. kröfulið.

Um laun ríkisstarfsmanna í orlofi fer eftir 1. mgr. 16. gr. laga nr. 38/1954 og 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 87/1954, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1962, og skal starfsmaður „einskis í missa af föstum launum“ sínum orlofstímann. Launaákvæði þessi þykir eiga að skýra þannig, að með „föstum launum“ sé í þessu sambandi átt við laun samkvæmt Kjaradómi fyrir starfa, sem um er að tefla, án álags vegna vökuvinnu, ef því er að skipta. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um sýknu stefnda af þessum kröfulið áfrýjanda.

Um 2. kröfulið.

Haukur Jónasson læknir hefur hinn 3. september 1964 vottað, að áfrýjandi hafi verið óvinnufær vegna veikinda hinn 25. júní 1964.

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 38/1954, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1962, skal ákveða með reglugerð, hvernig fari um

launagreiðslur til starfsmanna ríkisins í veikindaforföllum þeirra, og gildir um það efni áðurgreind reglugerð nr. 87/1954. Með 1. málslíð 6. gr. þeirrar reglugerðar er svo kveðið á, að starfsmaður skuli „halda fullum launum, svo lengi sem veikindadagar hans verða eigi fleiri en 90 á 12 mánuðum.“ Eðlilegast er að leggja þann skilning í ákvæði þetta, að það taki auk almennra fastra launa til vökvinnuálags, er um þá skipan starfa er að tefla. Verður krafa áfrýjanda samkvæmt þessum líð, sem eigi hefur verið vefngd tölulega, því tekin til greina og stefnda dæmt að greiða áfrýjanda nefnda fjárhæð ásamt vöxtum, eins og síðar greinir.

III.

Eftir lyktum málsins er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, sem eftir atvikum og málavöxtum ákveðst samtals kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Jóni Ísfeld Guðmundssyni, kr. 229.68 ásamt 7% ársvöxtum frá 12. nóvember 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. júlí 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. f. m., hefur Jón Ísfeld Guðmundsson varðstjóri, Hamrahlíð 3, Reykjavík, höfðað fyrri bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 16. nóvember 1964, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu á vangoldnu vaktalági, samtals að fjárhæð kr. 2.201.10, með 8% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndi hefur aðallega krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda í máli þessu auk hæfilegs málskostnaðar úr hans hendi að mati réttarins, en til vara hefur stefndi krafizt lækkunar kröf-

unnar og lækkunar vaxta niður í 7% p. a. og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Samkomulag er með málсаðiljum að ganga fram hjá sátta-nefnd í máli þessu.

Stefnandi kveður málavexti þá, að hann hafi verið í þjónustu ríkisins frá því í maímánuði 1946, er hann réðst til slökkviliðs-ins á Reykjavíkurflugvelli. Hann er nú varðstjóri í slökkviliðinu. Stefnandi vinnur vaktavinnu eins og aðrir slökkviliðsmenn á Reykjavíkurflugvelli. Er sólarhringnum skipt í tvær vaktir, og er hvor vakt 12 klst., dagvakt og næturvakt. Dagvakt hefst kl. 0730 og lýkur kl. 1930, en þá tekur næturvaktin við, og lýkur henni kl. 0730.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 11. gr. dóms Kjaradóms frá 3. júlí 1963 fær stefnandi greitt 33% álag á þann hluta launa, sem greiddur er fyrir unnin störf á þeim tíma, er fellur utan venjulegt dagvinnutíma. Dagvinnutími stefnanda er frá 0800 til 1200 og kl. 1300 til 1700 alla virka daga nema laugardaga, þá kl. 0800 til kl. 1200, samanber 2. tölulið 2. gr. dóms Kjaradóms.

Með dómi Kjaradóms frá 3. júlí 1963 segir stefnandi, að kveðið hafi verið á um föst laun, vinnutíma og laun fyrir yfirvinnu ríkisstarfsmanna, sbr. 5. gr. samanber við 21. gr. laga nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Hins vegar taki kjarasamningur þessi (dómur Kjaradóms) ekki til orlofsréttar og kaups í veikindaforföllum, sbr. 2. málsgrein 5. gr. laga nr. 55/1962. Fyrir gildistöku dóms Kjaradóms frá 3. júlí 1963 hafi það tíðk-azt, að vaktavinnufólki væri greitt álagið í orlofi og veikinda-fríum. Eftir gildistöku dóms Kjaradóms hafi sú breyting orðið á að þessu leyti, að afnumdar hafi verið álagsgreiðslur til vaktavinnufólks í þjónustu ríkisins, ef það tók sér sumarfrí eða var fjarverandi vegna veikinda.

Stefnandi kveðst hafa tekið orlof dagana 1. júní til 20. júní 1964, samtals 20 daga. Auk þess kveðst stefnandi hafa verið veikur einn dag, þ. e. a. s. 25. júní 1965.

Hann kveðst ekki, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli, hafa fengið greitt 33% vaktálagið, svo sem honum hefði borið, ef hann hefði ekki tekið sér frí eða ekki verið veikur eða eldri reglur verið látnar gilda. Hefði honum þá borið álag fyrir umræddan tíma, samtals að fjárhæð kr. 2.201.10, sem er stefnufjárhæðin í máli þessu.

Stefnandi styður stefnukröfu sína þeim rökum, að Kjaradómur hafi einvörðungu dæmt um laun, vinnutíma og laun fyrir yfir-

vinnu, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1962, sbr. við 21. gr. sömu laga. Hins vegar hafi Kjaradómur á engan hátt hróflað við réttindum stefnanda eða annarra ríkisstarfsmanna varðandi orlofið og veikindafrí og rétti til kaups í veikindafríi eða orlofi, sbr. 2. mgr. 5. gr. kjarasamningslaganna, þar sem beinlínis sé tekið fram, að kjarasamningur (dómur Kjaradóms) taki ekki til orlofsréttar og veikindafría.

Vaktaálagið sé hluti af föstum heildarlaunum stefnanda, er hljóti að fylgja stöðu hans sem varðstjóra í slökkviliðinu á Reykjavíkurlugvelli, en slökkviliðsstarfið krefjist þess, að starfsmenn slökkviliðsins standi vaktir. Vaktaálagið sé samofið föstu launum og er menn ráði sig til vaktastarfa sem þess, er stefnandi hefur, spyrji menn fyrst og fremst að því, hver séu heildarlaunin, þ. e. mánaðarlaunin plús vaktaálagsgreiðslan, því að í raun og veru geri þetta hvort tveggja hin föstu laun stefnanda.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 1. gr. laga nr. 14/1957 um breyting á lögum nr. 38/1954, eigi ríkisstarfsmenn að fá orlof og einskis í missa af föstum launum. Ákvæði þessi séu tekin óbreytt upp í 1. gr. reglugerðar nr. 87/1954 um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins. Í 6. gr. sömu reglugerðar, þar sem rætt er um veikindaforföll, segi, að starfsmaður skuli halda fullum launum svo lengi sem veikindadagar hans verða eigi fleiri en 90 á 12 mánuðum.

Að endinug bendir stefnandi á, að örugg venja samfara dómstólaiðkun sé fyrir því, að vaktavinnufólk skuli fá greitt vaktaálag í veikindum og orlofi, sbr. bréf frá Félagi flugmálastarfsmanna ríkisins, dags. 12. nóv. 1964, svohljóðandi:

„Hér með staðfestist, að þeir starfsmenn flugmálastjórnarinnar, sem starfa á reglubundnum vinnuvökum, fengu greitt undanfarin ár 33% vinnuvökuálag fyrir þann hluta vinnutímans, er þeim bar að vinna samkvæmt vaktaskrá, en féll utan venjulegs dagvinnutíma, jafnt þó forfallaðir væru vegna veikinda eða í orlofi, eins og unnið hefði verið.

Með tilskipun samgöngumálaráðuneytisins, dags. 27. apríl 1964, var greiðsla 33% vinnuvökuálagsins felld niður í orlofi og veikindaforföllum frá og með 1. maí 1964.“

Enn fremur bendir stefnandi, máli sínu til stuðnings, á dóm Félagsdóms í IV. bindi bls. 210.

Virðist stefnanda sú venja, að vaktavinnufólk skuli fá greitt vaktaálag í veikindum og orlofi, því vera orðin það rík, að hún

jafngildi réttarvenju. Enn bendir stefnandi á, að dómur Kjara-dóms hafi verið í gildi tæpa 10 mánuði, er vaktaálagsgreiðslan hafi verið afnumin með einföldu ráðuneytisbréfi, sbr. dskj. nr. 6.

Stefndi byggir sýknukröfur sínar á því, að ákvæði reglugerðar nr. 87/1954 gildi um greiðslur til starfsmanna ríkisins, meðan þeir séu í orlofi eða fjarverandi vegna veikinda. Í 1. gr. reglu-gerðarinnar segir, að ríkisstarfsmenn skuli „einskis í missa af föstum launum“, meðan þeir eru í orlofi, og þeir skuli „halda fullum launum“ svo lengi sem veikindadagar þeirra verða ekki fleiri en nánar er greint í reglugerðinni. Framkvæmd á ákvæðinu um greiðslu orlofs hafi verið fram til 1. júní 1961 og á ákvæðinu um veikindagreiðslur fram til 28. sept. 1962 hagað þannig, að miðað hafi verið við laun samkvæmt launalögum, en ekki tekið tillit til álagsgreiðslna vegna vökuvinnu, án þess að fram kæmu kröfur um að miða þessar greiðslur við vökuvinnu-álag eða aðrar álagsgreiðslur.

Á árunum fyrir gildistöku dóms Kjara-dóms frá 3. júlí 1963 hafi kjör ríkisstarfsmanna verið öllu lakari en margra annarra stétta og hafi því af þeim sökum verið ákveðið að greiða þeim uppbætur í formi ýmiss konar aukagreiðslna. Ein þessara upp-bóta hafi verið sú að miða orlof og veikindagreiðslur vökuvinnu-fólks við föst laun að viðbættum álagsgreiðslum vegna vöku-vinnunnar.

Með fyrrnefndum dómi Kjara-dóms hafi kjör ríkisstarfsmanna verið stórbætt. Kjarabætur vökuvinnufólksins hafi ekki orðið minni en almennt, m. a. vegna þess, að vökutími, sem greiddur er með álagi, hafi verið lengdur mjög verulega og þar sem telja hafi mátt, að kjör ríkisstarfsmanna hafi verið orðin vel við-unandi, hafi þótt rétt að fella niður margar þessara uppbóta.

Þá telur varnaraðili, að greiðslu orlofs og launa í veikindum starfsmanna hafi verið hagað í fullu samræmi við ákvæði reglu-gerðar nr. 87/1954 á þeim tíma, sem um ræðir í máli þessu. Réttur stjórnvalda til að fella niður aukagreiðslurnar hafi verið ótvíræður, og mótmælti stefndi því, að réttur til greiðslna geti byggzt á venju, þótt þær hafi verið greiddar um tveggja ára skeið.

Samkvæmt 2. mgr. 11 gr. auglýsingar nr. 74/1963 um laun ríkisstarfsmanna, reglur um vinnutíma, yfirvinnugreiðslur o. fl. samkvæmt dómi Kjara-dóms 3. júlí 1963 skulu þeir, sem vinna á reglubundnum vinnuvöktum, fá 33% álag á þann hluta launa, „sem greiddur er fyrir unnin störf á þeim tíma, er fellur utan

venjulegs dagvinnutíma“. Rétturinn lítur svo á að skýra beri ákvæði þetta þannig, að einungis beri að greiða nefnt álag fyrir „unnin störf“. Í máli þessu er hins vegar krafizt álags, bæði meðan stefnandi var í orlofi og meðan hann var veikur. Verður að telja, að stefnandi eigi ekki rétt á álagi í þeim tilfellum, enda er þá eigi um „unnin störf“ að ræða af hans hálfu. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, enda verður ekki á það fallizt með stefnanda, að hann eigi samkvæmt réttarvenju lögvarða kröfu á hendur stefnda til greiðslu þeirrar, er hann stefnir fyrir í máli þessu, né heldur að önnur þau atvik séu fyrir hendi, er felli greiðsluskyldu á herðar stefnda gagnvart stefnanda í því tilviki, sem hér er til úrlausnar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan. Dráttur hefur orðið á uppsögu dóms þessa. Stafar hann af miklum önnum hér við embættið.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Jóns Ísfelds Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
